

**From:** Valgarður Guðjónsson <valgardur@staki.is>  
**Sent:** 5. nóvember 2012 23:41  
**To:** Nefndasvið umsagnir  
**Subject:** Umsögn, þingskjal 371 - 324. mál - 141. löggjafarþing 2012-2013

Þessi breyting á helgidagalöggjöfinni er löngu tímabær, en ég vil leggja til breytingar sem ganga eilítið lengra en nýtast enn betur og dreifast jafnar á milli ára.

- síðasti virki dagur hvers árs verði frídagur – heill, ekki hálfur
- síðasti virki dagur fyrir 25. desember, oftast 24. desember – verði líka heill frídagur
- fyrstu tveir virkir dagar eftir 24. desember verði frídagar
- fyrsti virki dagur hvers árs verður frídagur
- síðasti föstudagur fyrir 16. júní (vegna 17. júní) verður frídagur
- fyrsti mánudagur í maí (í stað 1. maí) verður frídagur
- fyrsti mánudagur í ágúst (óbreytt, frídagur verslunarmanna) verður frídagur
- fyrsti mánudagur í júní (nýr sjómannadags frídagur) [*mætti vera síðasti föstudagur fyrir fyrsta sunnudag í júní*]

Á móti þessu verði eftirfarandi frídagar lagðir af

- annar í hvítasunnu
- uppstigningardagur
- sumardagurinn fyrsti

Með þessu móti eru að jafnaði jafnmargir frídagar á ári og með núverandi fyrirkomulagi. En þeir nýtast bæði launþegum og atvinnurekendum betur.

Bestu kveðjur / Best wishes,

Valgarður Guðjónsson

Sími / Phone +354 896 0288